

Skipsgjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 13. janúar 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn nr. 149 7. júlí 1964.

### 1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

**Um hafnargjöld á Raufarhöfn.**

#### 21. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs Raufarhafnar skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá, er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

### 2. gr.

VIII. kafli og greinar nr. 22—38 falla niður og breytast eftirfarandi greinar og kaflar í samræmi við það.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 20 13. apríl 1973, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn, nr. 149 7. júlí 1964.

*Samgönguráðuneytið, 22. janúar 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Raufarhafnar.

### I. KAFLI

#### Hafnargjöld.

### 1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna, eins og hún er mest, skv. mælibréfi skips. Hálf rúmlest telst sem heil en minni hluta er sleppt. Undanþegin lesta- og bryggjugjaldi eru herskip, íslensk vitaskip og varðskip.

### Lestagjöld.

#### 2. gr.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og skemmtiferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir, skuli greiða lestagjald, kr. 6.00 á brúttórúmllest.
  - b. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 6.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftár en tvisvar í mánuði.
  - c. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 400.00 á brúttórúmllest þó aldrei minna en kr. 2 000.00.
- Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

### Bryggjugjöld.

#### 3. gr.

- Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.
- Fiskiskip greiða gjald þetta eigi oftár en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjald.
- Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 324.00 af hverri brúttórúmllest.
- Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

### Hafnsögugjald.

#### 4. gr.

Hvert það skip sem fær hafnsögumann til leiðsögu inn á höfnina eða frá henni, um höfnina eða milli hafnarmannvirkja, skal greiða hafnsögugjald.

#### 5. gr.

- Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:
- a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 1 200.00 fyrir hvert skip, auk kr. 3.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
  - b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a.
  - c. Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 250.00 í hafnsögu-sjóð.
  - d. Fyrir að vera úti í skipum skal greiða kr. 6 000.00 fyrir hvern sólarhring, þar til hafnsögumaður er kominn heim. Sama gjald greiðist ef hafnsögumaður þarf að fara með skipinu til annarra hafna. Auk þess greiðist ferðakostnaður heim.

### Vörugjöld.

#### 6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

#### 7. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til annarrar hafnar og eiga því ekki að leggjast á land nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf vörugjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara áfram með sama skipi, enda sé það ákveðið í farmskrá, greiðist ekkert vörugjald.

#### 8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- c. Innlend mjólk og rjómi, sem flutt er til hafnarinnar.
- d. Póstur og venjulegur farþegaflutningur.

#### 9. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd, með umbúðum, og af hverri sendingu sérstaklega. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefur fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir skipið kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðaðar skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

#### 10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðast eins og þar segir.

Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarstjórnar.

### Vörugjaldskrá.

#### 1. fl.: Gjald kr. 110.00 hver 1000 kg.:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 tonn) svo sem bensín, brennsluoliur, kol, laust korn, salt, sement laust og sekkjað, vikur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara.

#### 2. fl.: Gjald kr. 230.00 fyrir hver 1000 kg.:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar í 1. fl., óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsoliur, sjávararafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

#### 3. fl.: Gjald kr. 640.00 hver 1000 kg.:

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
- b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
- c. Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

#### 4. fl.: Gjald kr. 64.00/rúmmeter:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

**5. fl.: Gjald 1%:**

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 50.00.

**Um ýmis gjöld til hafnarinnar.****11. gr.**

Fyrir að leggja vöru á land hafnarinnar, skal greiða kr. 2.00 fyrir hvern fermetra, sem varan þekur, sé hún ekki flutt burtu innan tveggja sólarhringa. Gjald þetta reiknast fyrir hvern sólarhring. Sama gjald skal greiða fyrir tæki og áhöld hvers konar, sem einstaklingar eiga og láta eða vilja láta standa á landi hafnarinnar. Gjald fyrir slík tæki, sem og mikið vörumagn, má ákveða með samningi við hafnarnefnd.

**12. gr.**

Gjald fyrir lóðir, geymsluhús eða tæki, sem leigð eru einstaklingum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða samkvæmt samningi.

Önnur þjónusta, sem höfnin kann að láta skipum eða öðrum aðilum í té og ekki er talin falla undir gjöld þau, sem hér eru fram talin, skal greidd samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

**II. KAFLI****Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.****13. gr.**

Skrifstofa hafnarinnar sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin þar.

**14. gr.**

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda.

Ef enginn skipstjóri eða formaður er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna, svo og annarra gjalda, er skipinu ber að greiða. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi, uns gjöldin eru að fullu greidd.

Þar sem ekki eru í gjaldskrá þessari ákveðnir fastir gjalddagar, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

**15. gr.**

Vörugjald og leigu fyrir lóðir hafnarinnar, samkvæmt 11. gr. greiði móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar en sendandi af vörum, sem fluttar eru frá höfninni.

Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarskrifstofu skil á greiðslunni.

Ef skip eða bátur hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri, formaður eða eigandi ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar gengið hefur verið frá farmskrá.

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru frá bryggju eða bólvirki, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

#### 16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sanningsveðskuldum. Kröfur ná einnig til tryggingafjár skipa og varnings.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 22. janúar 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga nr. 195 15. júní 1973.

#### 1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 15. gr. reglugerðar nr. 195/1973 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 15. apríl 1976.

#### 2. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. gr. er ríkissáttasemjara heimilt, ef annar hvor aðili óskar þess, að leita satta milli aðila allt til 7. apríl 1976.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1976.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## REGLUGERÐ

um bann við þorskveiðum með flotvörpu fyrir Suður- og Vesturlandi.

#### 1. gr.

Frá 10. febrúar til 1. júní 1976 eru þorskveiðar með flotvörpu bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi á svæði, sem að austan takmarkast af línu, sem dregin er í réttvísandi austur frá Stokksnesi og vestur um að línu dreginni í réttvísandi vestur frá Látrabjargi.